



**Ræða
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í hátíðarkvöldverði til heiðurs
forseta Finnlands
Sauli Niinistö
og Jenni Haukio forsetafrú
Bessastöðum
19. október 2022**

Forseti Finnlands og forsetafrú,
forseti Alþingis, ráðherrar
og aðrir góðir gestir

Fyrir hönd okkar Elizu býð ég góða gesti velkomna hingað til lands. Okkur er heiður að því að taka á móti ykkur hér. Um leið gefst okkur færi á að sýna í verki og staðfesta þann vinskap sem ríkir milli Íslendinga og Finna.

Á barnsaldri fékk ég minn fróðleik um Finnland í íslenskri bók um landið sem kom út um miðja síðustu öld. Þar segir satt og rétt frá ást ykkar á landinu, skógunum þéttu og vötnunum þúsund eða hvað þau eru nú mörg! Reyndar er tekið ansi djúpt í árinna í þessu ágæta riti. „Svo samgróin er finnska þjóðin náttúru landsins,“ segir þar, „að erlendis una Finnar óvíða nema við vötn eða fljót, þar sem skógur er í nánd.“

Hér finnið þið ekki mikla skóga, ágætu vinir. Hér er berangrið meira og vötnin færri. Hér eru fjöllin aftur á móti hærri og hér eru jöklar. Við hlökkum einmitt til að halda með ykkur á Langjökul á morgun. Þar munum við reyndar ekki sjá heimkynni jólasveinsins – mín vegna má sá rauðklæddi búa í Rovaniemi, við hér eigum þrettán og þeir eru af öðru tagi – en við munum sjá hvernig jökullinn hefur hopað síðustu áratugi, eftir kuldaskið fyrri alda.

Í þeim efnum hefur stöðugur útblástur gróðurhúsalofttegunda af manna völdum án efa sitt að segja, eykur öfgar og hraðar þróun. Teikn um hlýnun jarðar getið þið víst einnig séð heima fyrir. Í bókinni, sem ég minntist á áðan, er rakið hvenær finnskur vetur hefjist, hvenær vötnin leggi og þar fram eftir götunum. Í nýlegri frétt á vef ríkisútvarpsins Yle les ég aftur á móti að undanfarin ár hefur meðalhiti í Finnlandi verið mun hærri en um miðja síðustu öld. Sá vísdómur, sem ég kynnti mér í æsku, hefur ekki staðist tímans tönn.

Sumt breytist, annað ekki. Eitt sem er óbreytt er velvild Íslendinga í garð Finna, ekki síst þegar þið eigið undir högg að sækja. Matthías Jochumsson er eitt mesta þjóðskáld okkar, meðal annars höfundur þjóðsöngsins, og hann sneri líka frægum kvæðum Runebergs, ykkar höfuðskálds, yfir á íslensku. Eftir það fönguðu fáir Finnar hugi og hjörtu Íslendinga eins kröftuglega og Sveinn dúfa, hinn einfaldi en hugrakki sveitapiltur sem barðist við ofurefli Rússa uns yfir lauk í stríðinu árið 1808.

Og ekki var aðdáun okkar á finnskri þjóð minni löngu síðar, í vetrarstríðinu í byrjun seinni heimsstyrjaldar. Þá sendu Íslendingar vistir og vetrarklæðnað. Þá safnaðist hærri upphæð í fjársöfnun en nokkru sinni fyrir í sögu landsins. Að sama skapi vitum við af vinarhug ykkar þegar á reynir, til dæmis eftir eldgosíð í Vestmannaeyjum fyrir hartnær hálfri öld.

Nú stöndum við saman með stríðshrjáðum íbúum Úkraínu um leið og við bjóðum Finnland velkomið í varnarbandalag vestrænna ríkja. Þegar á reynir þurfum við að sýna samhug. Sofi Oksanen sagði eitt sinn að viti fólk ekki af tilvist annarra taki það ekki eftir ef hún tekur svo enda.

Kæri Sauli! Kæra Jenni! Úti í Finnlandi höfum við notið gestrisni ykkar og góðvildar. Þar höfum við líka séð hversu margt gott má læra af Finnum. Þið eruð framsækin þjóð, metið menntun mikils og eruð jafnvel þrautseigari og samheldnari en gengur og gerist.

Að vísu vil ég varast að leggja of mikinn trúnað á staðalímyndir. Eitthvað ræður því þó að þið Finnar eruð kenndir við sisu – seiglu – og eitthvað ræður því að þið eruð sagðir fólk hinna fáu orða. Reyndar er það víst einnig sagt um okkur Íslendinga, jafnvel Færeyinga og Grænlandinga líka, og vissulega er það svo á norrænum vettvangi að við virðumst ná vel saman, með fullri virðingu fyrir hinum málglöðu og indælu vinum okkar í Skandinavíu.

Við eigum líka okkar heilbrigðu ættjarðarást. Hún þarf að byggjast á raunsærri virðingu fyrir sögu okkar og menningu, vilja til að viðurkenna það sem miður fór og gerir jafnvel enn. Hún þarf líka að byggjast á víðsýni og umburðarlyndi og minnst ég þá einmitt sögunnar af fámála karlinum hér á Íslandi sem var svo ástfanginn af manningum sínum að hann sagði honum

næstum því hversu mikið hann elskaði hann. Svona gæti örugglega líka gerst í Finnlandi.

Kæru vinir! Ég vona að þið njótið dvalarinnar hér og haldið með góðar minningar heim til ykkar fallega lands. Þar getið þið svo kannski rifjað upp það sem Tove Jansson lætur einn mómínálfanna segja svo fallega: „Þú verður að leggjast í langferð áður en þú áttar þig á hversu indælt þitt eigið heimili er í raun og veru.“

Ég bið ykkur öll að rísa úr sætum og lyfta glasi til heilla hinni finnsku þjóð og til heiðurs forseta Finnlands, Sauli Niinistö, og Jenni Haukio forsetafrú.